



Fundargerð stjórnar SSA nr. **10** starfsárið 2012 – 2013

Fundur var haldinn í stjórn SSA fimmtudaginn 12. september 2013 kl. 17:00.
Fundarstaður: Kirkju- og menningarmiðstöðin Eskifirði.

Mættir voru: Stefán Bogi Sveinsson, Arnbjörg Sveinsdóttir, Valdimar O. Hermannsson, Sigrún Blöndal, Unnur Björgvinsdóttir og Gauti Jóhannesson.

Pá sat fundinn Ólafur Áki Ragnarsson, fulltrúi sveitarstjórnarmála, sem ritaði fundargerð.

Formaður Valdimar O. Hermannsson setti fundinn. Gengið var til dagskrár.

Dagskrá:

1. Fundargerðir:

- a) Stjórnarfundur SSA dags. 9. ágúst 2013. Fundargerðin samþykkt.
- b) Framkvæmdaráðs dags. 3. september 2013. Fundargerðin samþykkt.
- c) Stjórnar Eypings 244. fundar. Lögð fram til kynningar.
- d) Heilbrigðisnefndar Austurlands 111. fundar. Lögð fram til kynningar.

2. Erindi til stjórnar SSA:

- a) Fjármálaráðstefna sveitarfélaga 2013. Samþykkt að formaður stjórnar SSA og fulltrúi sveitarstjórnarmála sækir fundinn.
- b) Fundur stjórnar sambandsins með formönnum og framkvæmdastjórum landshlutasamtaka. Samþykkt að formaður stjórnar SSA og fulltrúi sveitarstjórnarmála sækir fundinn.
- c) Umsögn um drög að breytingum á reglugerð um alþjónustu. Stjórnin gerir tillögu þess efnis að málið verði lagt fyrir allsherjarnefnd á aðalfundi SSA.

3. Aðalfundur SSA 2013:

- a) Farið var yfir dagskrá aðalfundar.
- b) Farið yfir málefni aðalfundar SSA.
- c) Ályktanir sem borist hafa verða lagðar fyrir starfsnefndir aðalfundar.
- d) Farið var yfir ársreikning SSA fyrir árið 2012 og endurskoðaða fjárhagsáætlun fyrir árið 2013 og fjárhagsáætlun fyrir 2014.

4. Önnur mál:

Enginn önnur mál.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi því slitið kl. 22:00

Ólafur Áki Ragnarsson, fundarritari.